

Lagt fyrir fund velferðarráðs 25. mars 2026

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um að fjölga valkostum í matarþjónustu borgarinnar

Velferðarráð samþykkir að fjölga valkostum í matarþjónustu borgarinnar. Lagt er til að velferðarsviði verði falið að útfæra tillögu sem miðar að því að borgin bjóði upp á fjölbreyttari matseðil og aukið val um mat, bæði hvað varðar heimsendan mat og hádegismat í félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Greinargerð:

Fjölbreyttara fæðuúrval í matarþjónustu borgarinnar er mikilvægt til að mæta ólíkum þörfum og óskum notenda, meðal annars vegna heilsufars, næringarþarfa og persónulegra matarvenja. Aukið val stuðlar að betri næringu, meiri ánægju og minni matarsóun, þar sem líklegra er að matar sé neytt þegar hann höfðar til þeirra sem þjónustuna nýta. Með fjölbreyttari matseðli er jafnframt stuðlað að bættum lífsgæðum þeirra sem reiða sig á matarþjónustu borgarinnar.